

Fundargerð:

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 1. fundar þann 24. október 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Delphine Briois og Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi boðuðu forföll.

Fundur settur kl. 11:05.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns

Lagt til að Finnur Ólafsson verði formaður samstarfsnefndar um sameiningu og að Arinbjörn Bernharðsson verði varaformaður. Samþykkt.

2. Þóknun fyrir fundarsetu

Umræðu frestað til næsta fundar. Ráðgjöfum falið að kanna hvað greitt hefur verið til annarra samstarfsnefnda.

3. Umsókn um stuðning til Jöfnunarsjóðs

Lagt fram svar um stuðning úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til verkefnisins. Venjan er sú að annað sveitarfélagið tekur að sér umsýslu verkefnisins.

Samþykkt að Kaldrananeshreppur tekur að sér umsýslu verkefnisins fyrir hönd sveitarfélaganna.

4. Fundartímar samstarfsnefndar

Ákveðið var að fundir samstarfsnefndar verði að jafnaði haldnir á föstudögum kl. 10:00.

5. Verklag við mótun tillögu til sveitarstjórna

Verkefni verkefnisstjórnar er að leggja mat á það hvort forsendur séu fyrir formlegum viðræðum um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga. Lögð fram tillaga KPMG að verklagi og tímasetningum áfanga í verkefninu.

Lagt til að leggja upp með að tímalína verkefnisins miði að því að ef tillaga um sameiningu verði samþykkt verði kosið í sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags við reglubundnar sveitarstjórnarkosningar í maí 2026. Samþykkt.

Lagt til að forsendur áhlits samstarfsnefndar verði byggðar núverandi stöðu sveitarfélaganna og á eftirfarandi grunnþáttum:

- Hvernig gæti fjárhagur sameinaðs sveitarfélags litið út.
- Hvernig gæti stjórnarsýslan litið út í sameinuðu sveitarfélagi.
- Hvernig verða áhrif íbúa á nærumhverfi tryggð.
- Áhersla verði á að verkefnishópurinn upplýsi íbúa um verkefnið s.s. með íbúafundum.

Jón Hrói lagði til að boðað verði til funda með fulltrúum hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig til þess að ræða hagsmunamál viðkomandi svæðis. Samþykkt.

Næsti fundur samstarfsnefndar verður boðaður eftir viku klukkan 10.

Fundi slitið kl. 12:10.